

**472. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, fimmtudaginn 17. júlí 2014  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Indriði Indriðason formaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. 1406081 - Breyting á aðalskipulagi.**

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. júlí 2014 skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps dags. 24. júní 2014. Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta þéttbýlinu á Tálknafirði þar sem svæði V3/A2 og S8 er breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð að litlum hluta við Bugatún. Með því minnka svæði V3/A2 og S8 á kostnað blandaðarbyggðar. Einnig eru gerða leiðréttingar á númerum á svæðum fyrir þjónustustofnanir í þéttbýli en númer í greinargerð og uppdætti hafa víxlast á tveimur stöðum. Einnig var gerð breyting á aðalskipulaginu er lýtur að dreifbýli þar sem verður bætt við nýju efnistökusvæði E5 í Botnsdal. Efnismagn verður um 30.000 m<sup>3</sup> en um er að ræða mól sem á að nota til uppfyllingar. Skipulagslýsinguna má nálgast á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Miðtúni 1 og á heimasíðu sveitarfélagsins [www.talknafjordur.is](http://www.talknafjordur.is). Íbúar og hagsmunaaðilar geta sent inn ábendingar varðandi viðfangsefni og markmið skipulagsins. Ábendingar má senda á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, 460 Tálknafirði eða á netfangið [talknafjordur@talknafjordur.is](mailto:talknafjordur@talknafjordur.is).

Sveitarstjórn samþykkir breytingar á aðalskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

Samþykkt samhljóða.

**2. 1006011 - Kjör oddvita og varaoddvita**

Samþykkt er að Indriði Indriðason verði oddviti Tálknafjarðarhrepps. Indriði stingur upp á Ásgeir Jónssyni sem varaoddvita og er það Samþykkt samhljóða.

**3. 1407026 - Erindisbréf fyrir fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd.**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf og felur sveitarstjóra að senda þau á aðal og varamenn í umræddri nefnd.

Samþykkt samhljóða.

**4. 1407025 - Erindisbréf fyrir byggingar-, skipulags-, og umhverfisnefnd**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf og felur sveitarstjóra að senda þau á aðal og varamenn í umræddri nefnd.

Samþykkt samhljóða.

**5. 1407024 - Erindisbréf fyrir atvinnu- og hafnarnefnd.**

Sveitarstjórn samþykkir framlagt erindisbréf og felur sveitarstjóra að senda þau á aðal og varamenn í umræddri nefnd.  
Samþykkt samhljóða.

**6. 1407029 - Hluthafafundur hjá Eingarhaldsfélaginu 101 Tálknafjörður ehf.**

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að boða til hluthafafundar í fasteignafélaginu 101 Tálknafjörður ehf.  
Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að heimila formanni stjórnar 101 Tálknafjörður ehf. að auka hlutfé félagsins um allt að 120 milljónir króna.  
Samþykkt samhljóða.

**7. 1406078 - Tilboð í hitaveitulögn**

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá samningum við aðila vegna kaupa á rorum í hitaveitulögn. Einnig að gera verðkönnun á meðal verktaka vegna jarðvinnu og vinnu við samsetningu á umræddri lögn.  
Sveitarstjóra er falið að leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar drög að samningum vegna allra verkþátta er lúta að endurnýjun á hitaveitulögn.  
Samþykkt Samhljóða.

**8. 1405005 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2014.**

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.1 í framlögðum gögnum að upphæð 7.500 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.2 í framlögðum gögnum að upphæð 13.000 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.3 í framlögðum gögnum að upphæð 8.000 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.4 í framlögðum gögnum að upphæð 500 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.5 í framlögðum gögnum að upphæð -5.000 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.6 í framlögðum gögnum að upphæð -4.000 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.7 í framlögðum gögnum að upphæð 1.608 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 2.8 í framlögðum gögnum að upphæð 3.842 þús.kr.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 3.1 í framlögðum gögnum að upphæð 25.000 þús.kr.  
Jafnframt leggur sveitarstjóri leggur fram líkan þar sem áhrfi ofangreindra viðauka eru sýnd og eru áhrif ofangreindara viðauka sem hér segir.

	Ársreikningur ársins 2013	Áætlun		
		Upphaflega samþ. áætlun	Áætlun með viðaukum 1-2	Áætlun með viðaukum 1-3
Rekstrartekjur	266.918	257.443	288.063	288.063
Rekstrarniðurstaða	-7.495	5.215	29.387	27.517
Veltufé frá rekstri	3.241	18.882	25.115	23.620
Skuldir	172.680	153.781	172.037	198.037
Skuldahlutfall	65%	60%	60%	69%

**9. 1407039 - Álit óháðs sérfræðings á fjármálum sveitarfélagsins sbr. 66.gr laga nr.138/2011.**

Sveitarstjóri leggur fram álit óháðs sérfræðings, Andrésar Bögebjerg Andreassen, MSc. Econ. fjármaálstjóra íþróttá- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar.

Í niðurlagi í umræddu álit segir:

Við yfirferð framangreindra gagna verður ekki séð að áform um fjárfestingu í hitaveitu hafi verulega íþyngjandi áhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins, gangi áætlanir eftir að öðru leyti. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins er samkvæmt áætlununum jákvæður og nokkuð veltufé frá rekstri ár hvert. Þá er skuldahlutfall sveitafélagsins (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) vel undir þeim viðmiðunum sem sveitarstjórnarlög kveða á um. Þess ber að geta að í fyrirbyggjandi áætlunum er ekki gert ráð fyrir neinum ytri tekjum vegna hitaveitunnar, en verði um slíkar tekjur að ræða kemur það til með að hafa jákvæð áhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins.

Andrés B. Andreassen MSc. Econ.

**10. 1406048 - Úthlutun framlaga vegna sölu félagslegra íbúða**

Til kynningar.

**11. 1406051 - Úthlutun úr námsgagnasjóði 2014-2015**

Til kynningar.

Skrifastofa sveitarfélagsins verður lokuð frá 21. júlí til 12 ágúst.  
Sveitarstjóri fer í sumarfrí frá 28 júlí til 12 ágúst.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____